

EDDA OG ÍSLENSKT HLUTVERK

I

Bertrand Russell, hinn nafnfrægi heimspekingur og stærðfræðingur, ritar þannig: „Ég þykist ekki geta sannað, að enginn Guð sé til. Ég get heldur ekki sannað, að Satan sé tilbúningur einn. Það getur verið að guð kristninnar sé til; og sama er að segja um guði Olymps, Forn-Egypta og Babylonar. En engin af þessum tilgátum er hinum sennilegri. Þær liggja fyrir utan svið þeirrar þekkingar, sem líklegt er að mennirnir muni nokkur tíma öðlast, og þessvegna er engin ástæða til að taka neina þeirra til íhugunar.“ (Sidney Dark og R. S. Essex: *The War against God*, 1937, s. 305.)

Nú má að vísu enginn ætla mér, að ég sjái ekki hversu virðingarvert það er að rita þannig þar sem trúarbrögð og kirkja eru í jafn miklum metum og á Englandi, eða að ég ætli yfirleitt, að neita hetjum vantrúarinnar um aðdáun mína. Þessháttar menn eru alveg nauðsynlegir meðan rangar trúarsannfæringar geta orðið svo ramar, að þær leiði til hinna herfilegustu verka, slíkra sem svo mikið var um á öldum trúarinnar. Þarf þar ekki annað en minna á hvernig fjölda ungbarna var fleygt inn í hið glóandi líkneski Mól-ochs í Karthagóborg; hvernig þúsundum manna var á hverju ári slátrað á hryllilegasta hátt á ölturum guðanna, meðan ríki Azteka stóð í Mexíkó, og hvernig jafnvel í kristnum löndum, margar þúsundir urðu að þola dauðann í eldi oft eftir undangengnar pindingar, af þeirri ástæðu einni, að þeir voru vantrúaðir, eða að trú þeirra var eitthvað öðruvísi en kirkjunnar mönnum líkaði, eða þá að þeir leiddu í ljós þekkingu sem var talin skaðleg fyrir kristna trú.

En samt sem áður væri það rangt að ímynda sér, að vér gætum látið við það sitja, að trúa á vantrúna, eða að nokk-

urt mark sé takandi á þessari staðhæfingu hins fræga heim-spekings, að ljós vísindanna muni aldrei ná að skína yfir svið trúarbragðanna. Og er það nú raunar svo mikið, sem þegar hefir áunnist í þá átt, að ekki er annað hægt en furða sig á slíkri staðhæfingu frá slíkum vitringi sem Bertrand Russel er.

II

Vér gerum mikils til of lítið úr hæfileikum og möguleikum mannkynsins með því að ímynda oss, að hugmyndir fornrar trúar og heimspeki beri að skoða sem hugarburð einn, án alls sambands við sannleikann. En vitanlega er miklu auðveldara að átta sig á þessu, þegar vér höfum skilið hvernig skyldar en lengra komnar vitverur, sem aðrar jarðstjörnur byggja, hafa verið að reyna til að hjálpa oss á veg vitkunar og velfarnaðar, og að slíkt samband verður auðveldlegar í sumum stöðum jarðar en öðrum. Þannig er t. d. í Arabíu einn hinn heiðasti himinn og þær björtustu stjörnur, sem hér á jörðu er að sjá, enda koma afleiðingarnar fram í því, að þar hefir í sumum efnum verið til merkilegri trú en annars staðar. Þannig segir t. d. Winwood Reade, í bók þeirri, sem ég hefi áður getið um, að í Saba ríki drottningsinnar sem heimsótti Salómon konung, hafi þeir sem menntaðir voru trúað á guði sem heima ættu á stjörnunum, en hjá hinum ómenntaðri að vísu orðið úr þessu sú trú, að stjörnurnar sjálfar væru guðir.

En jafnvel þar sem stjörnurnar virtust ekki eins bjartar og eins nálægt og í Arabíu, og erfiðara var um samband við íbúa annara jarða, voru þó til menn sem hugðust hafa samband við goðin og fluttu lýðnum ýmis boðorð og fróðleik sem þeir þóttust hafa þaðan. Slíkir menn „fóru með goðorð“ og voru nefndir goðorðsmenn; og er býsna eftirtektarvert hver breyting varð á þessu síðar, og merkingu þessara orða, undir skýðra himni og fyrir áhrif stjórnssemi og drottnunargirni. En þó kemur ótvíræðlega í ljós, þegar vér lítum nógu vísindalega á þessar sögur, sem rekja verður til hinna goðmálugu manna — er einnig voru þannig nefndir

— að samband það sem þeir töldu sig hafa við goðin, var ekki hugarburður einn.

III

Það er eitt til marks um hversu skammt íslensk menning er á veg komin, og hversu ónóglega þjóðræknir vér erum, að ekki skuli ennþá vera til skrautútgáfa af Eddu Snorra Sturlusonar, þess manns, er sennilega hefir kunnað íslensku stórum betur en nokkur annar, fyrr eða síðar. Í Eddu eru þær sögur sem börn geta lesið sér til skemmtunar, og þó tindra af fróðleik, sem er langt fram yfir það, sem enn er vitað hér á jörðu. Þeir sem trúa á framhald lífsins þrátt fyrir dauðann, þreystast ekki á að segja, að ekki sé í framlífinu neitt í líkingu við frumlífsástir manns og konu. Í Eddu fáum vér bendingar um, hvernig þessu er varið, þar sem er hið fullkomnara líf. Þar er að vísu komið fram yfir spendýrsstigið, enginn meðgöngutími eða erfiðar fæðingar. En sköpun nýrra einstaklinga er þó ekki þar með lokið, heldur verður á fullkomnari hátt. Börnin verða til á aflsvæði foreldra, á þeim stundum er samstilling þeirra í ást kemst á hæsta stig. Og börnin eru þegar í fæðingunni frumvaxta, eins og sjá má af því sem segir um syni Þórs og Óðins, í besta samræmi við trú Grikkja, að Sevs hafi þegar í fæðingunni verið fullvaxinn, og eins gyðjan Aþena „dóttir hins mikla föður.“ Og hversu skiljanleg og stórfróðleg verður sagan af Heimdalli, þegar oss er kunnugt orðið með hverjum hætti fjölgar í framlífinu. Þá virðist það ekki framar firra ein, þegar Heimdallur segist vera sonur níu mæðra: „Níu em ek mæðra mögr — níu em ek systra sonr.“ Og það er ekki ósennilegt, að það sé einmitt vegna hinnar óvanalegu samstillingar, sem Heimdallur er bjartari og einnig um annað, betur gerður en jafnvel guðirnir annars. Í slíkum sögum fáum vér að vita af tilraunum guðanna til þess að komast á ennþá æðra stig fullkomnunar. En tilgangurinn sá, að ennþá stærri þrekvirki geti unnin orðið en áður. Heimdallur er í vöndum stað og hið mesta undir því komið að hann sé verki sínu vaxinn. Bifröst og Himinbjörg minna á

það sem í hinum bestu ritum spíritista er sagt af mikilli brúargerð frá ljósheimi til myrkheims, og hinum geigvænlegu björgum á mótum heimanna; en ekki ólíklegt, að bústaður Heimdallar hafi borið nafn af landslagi. Til þess að skilja þetta verður að vita, að á mörgum jörðum framlífsins hagar svo til, að alltaf snýr sama hlið að sól, og er því dagheimur öðrumegin þar sem aldrei hverfur sól af himni en hinumegin er alltaf nótt og því réttnefndur myrkheimur. Lenda þeir í slíkum stöðum, sem mest hafa hatast við ljós sannleikans. En af lýsingunum má gjörla kenna, hvernig jötunvaxnir langeldar af gjágosum, ásamt öðrum jarðhita, bægja burtu snjó og klaka á næturhlið hnattar, svo að þar geti orðið púkabústaðir, þar sem hinir verstu menn fá að taka út á sjálfum sér allt hið illa sem þeir hafa öðrum gert. En mikill hugur þeirra í ljósheimum á því að bjarga myrkheimabúunum til betra lífs, jafnskjótt og nokkur breyting hugarfarsins til batnaðar fer að gera slíkt mögulegt. Einnig mun stundum vera um að ræða nauðsyn á landamæravörnum gegn íbúum myrkheima eins og kemur fram í því sem af Heimdalli segir. Fleiri skemmtilegar bendingar eru í Eddu um líffræði hinna lengra komnu, og skín hinn furðulegi sannleikur ótvíræðlega í gegnum hinn barnslega misskilning, sem óumflýjanlegur var á því þekkingarstigi eða vanþekkingar. Sagan um megingjarðir Þórs og ásmegin, lýtur að því, að með Ásum var komið á það orkusamband, að hver gat sótt afl til hinna, eftir því sem þörf var á. Það er ekki ástæðulaust, að kalla líkamann verkfæri sálarinnar, en mikill misskilningur að ímynda sér, að þessari tilraun til að skapa sálinni verkfæri sé sleppt niður með dauða líkamans hér á jörðu. Hitt er víst, að þeirri tilraun er haldið áfram uns líkaminn hefir náð guðlegri fullkomnun. En þar er það eitt, að hafa tök á því að ná því afli og þeim vexti sem við þarf. Og að þessu lýtur það, þegar segir um Þór, að hann gekk „út of Miðgarð svá sem ungr drengur.“ En þegar hann hefir, í viðureign sinni við Miðgarðsorm, spyrnt í gegnum nökkva jötunsins, þá verður hann svo stór, að hann stendur á grunni og getur vaðið til lands. Að þessum hæfileika guðanna til að

stækka eftir því sem þörf krefur, lúta einnig orð Þórs, er hann vildi vaða á þá er allra var mest, og óx mjög: Vaxattu nú Vimur — alls mik þik vaða tíðir — jötna garða í; — veiztu ef þú vex — at þá vex mér ásmegin — jafnhátt upp sem himinn.

Þá eru hinar glæsilegu lýsingar á bústöðum goðanna (Breiðablik, Sindri, Glitnir o.s.frv.) ekki án sambands við veruleikann, og væri um þetta allt margt fleira að segja, þó að ekki sé gert að sinni. En af jurtagróðri hinna æðri staða hefi ég sagt nokkuð í ritgerð sem heitir, eins og lundurinn frægi, Glasir. En það þýðir: hinn skínandi. Segir í Eddu að lauf hans sé gull rautt, og er það vitanlega ekki rétt, heldur hitt, að það glóir sem gull, og þó raunar betur.

IV

Í þessum lýsingum Eddu á goðheimi og lífi goðanna, felst merkileg vísbending um íslenskt hlutverk. Því að í engu kristnu landi öðru var á þeim tímum til svo mikið andlegt frelsi, að hægt væri að rita um heiðin goð á þann hátt sem Snorri Sturluson gerði. Og goðasögur þessar eru í raun réttir lýsingar á lífinu á annarri stjörnu (eða stjörnum). Lífmyndir þær sem þar segir af eru oss skyldar. Vér verðum að öðlast rétta þekkingu á þeim og ná réttu sambandi við þær. Og þegar vér komumst á þá leið, mun verða framhald (og leiðrétting) á því sem best var í íslensku lífi áður. Og vér munum þá verða leiðtogar alls mannkyns til þess frelsis, sem einungis sannleikurinn getur veitt. En mjög virðist nú á þessum síðustu tímum, slíkri framtíð teflt í tvísýnu, þar sem jafnvel helst virðast horfur á, að vér séum á leiðinni til að hætta að vera talandi á íslenska vísu, svo að ég nefni aðeins eitt, þó að af mörgu sé að taka, sem ískyggilegt er. En það er sérstök ástæða til að nefna þetta, því að það er alveg víst, að sú íslensk þjóð sem tapað hefði tungumáli forfeðranna, mundi aldrei framar eiga sér viðreisnar von eða uppreistar, svo að ég noti orð sem öllu betur á við.